

Tillaga umhverfis- og skipulagsráðs og stafræns ráðs fyrir sameiginlegan fund stafræns ráðs og umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, 24. janúar 2024.

Tillaga um bættu upplýsingagjöf til íbúa

Lagt er til að ráðast í vinnu við að finna leiðir til að bæta upplýsingagjöf til íbúa um framkvæmdir, viðhald og þjónusturaskanir sem hafa staðbundin áhrif í hverfunum. Sér í lagi að greina raunhæfni þess og leiðir til að senda íbúum SMS þegar ráðast á í framkvæmdir eða einhverjar breytingar í þeirra nærumhverfi, innan marka persónuverndarlaga. Þá verði skoðuð fordæmi erlendis og héraðs og leiðir sem færar eru í þessu efni.

Greinargerð:

Ein af aðgerðum lýðræðisstefnu Reykjavíkur 2021-2030 er að ferlar „verði uppfærðir og rafrænar tilkynningar innleiddar vegna fyrirhugaðra framkvæmda og skipulagsbreytinga í nærumhverfi“ og er þessi tillaga útfærsla á þessari aðgerð. Mikil eftirspurn er eftir aukinni upplýsingagjöf af hendi borgarinnar. Bent hefur verið á að Veitur senda SMS þegar ráðast á í framkvæmdir í nærumhverfi og því ástæða til að skoða hvort og hvernig borgin gæti farið sömu leið. Íbúum þykir óþægilegt þegar framkvæmdir eða breytingar koma þeim að óvörum og með tækniframförum er eðlileg nútímakrafa að upplýsingagjöf sé til fyrirmyndar og vilji til að bregðast við því.